



## Beiðni um að ökutæki verði skráð tímabundið úr umferð

Fastanúmer
Skráningarnúmer

Skráður eigandi/ umráðamaður	Kennitala
Tegund ökutækis	Netfang
Heimili	Póstnúmer og staður

### Skráningarkerki eða miði *(ath tryggingar og gjöld falla ekki niður við skráningu úr umferð með miða)*

<input type="checkbox"/> Skráningarkerki ökutækis hafa verið afhent <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> Samgöngustofu</li><li><input type="checkbox"/> Skoðunarstofu: _____</li></ul>
<input type="checkbox"/> Miði með áletruninni „Notkun bönnuð“ verður settur yfir skoðunarmiða skráningarkerkis eða í framrúðu ökutækis með skráningarkerki af eldri gerð. <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> Miðinn óskast afhentur hjá Samgöngustofu/ skoðunarstofu</li><li><input type="checkbox"/> Miðinn óskast sendur í pósti til beiðanda</li></ul>

### Yfirlýsing um að ökutæki verði ekki notað

<p>Ég undirrituð/-að/-aður óska þess að framangreint ökutæki verði skráð tímabundið úr notkun. Mér er kunnugt um að óheimilt er að nota ökutækið meðan það er skráð úr notkun í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 og lýsi því yfir að ökutækið verður ekki notað meðan svo er. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðni þessarar hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofu. Ég samþykki, með beiðni (umsókn/eyðublaði) þessari og undirskrift minni, vinnslu og meðferð á þeim upplýsingum sem henni fylgja. Samgöngustofa mun fylgja gildandi lögum og reglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda.</p>	
Dagsetning og staður	Undirritun eiganda/ umráðamanns
	Staðfesting starfsmanns Samgöngustofu/ skoðunarstofu

### Greiðsla – Greiða þarf fyrir skráningu úr umferð

<p>Gjald fyrir skráningu úr umferð er 1.076 kr. samkvæmt gjaldskrá (skráningarkerki afhent skoðunarstofu, sjá baksíðu)</p> <p>Ef greitt er með millifærslu vinsamlegast skráið kennitölu greiðanda hér: _____</p> <p>-Reikningsnúmer 515-26-210867, kennitala 540513-1040.</p> <p>-Tilgreinið skráningarnúmer/ fastanúmer ökutækis.</p>
---

Vinsamlegast athugið!

Eigandi eða umráðamaður verða að framvísa beiðni um að ökutæki verði skráð aftur í umferð.



## Beiðni um að ökutæki verði skráð tímabundið úr umferð

Fastanúmer
Skráningarnúmer

Mikilvægar upplýsingar vegna tímabundinnar skráningar úr umferð

**Skráning úr umferð:** Ef ætlunin er að taka ökutæki tímabundið úr umferð skal það tilkynnt til Samgöngustofu sem skráir ökutæki úr umferð í ökutækjaskrá. Beiðni um skráningu úr umferð er móttækin hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofum.

**Notkun óheimil:** Óheimilt er að nota ökutæki sem er skráð úr umferð í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðnar um skráningu úr umferð hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofu.

**Skráningarkerki eða miði:** Þegar ökutæki er skráð úr umferð er hægt að leggja skráningarkerki þess inn til geymslu hjá **Samgöngustofu** eða á **skoðunarstofum**. Einnig er hægt að fá afhendan eða sendan miða með áletruninni "Notkun bönnuð" sem límdur er yfir skoðunarmiðann á skráningarkerkjunum eða í framrúðu ökutækja sem bera skráningarkerki af eldri gerð. Hafa skal í huga þegar ökutæki er skráð úr umferð með miða að ekki er tryggt að tryggingar falli niður líkt og þegar númer eru lögð inn. Þá er lögreglu heimilt að klippa skráningarkerki af ökutækjum sem skráð eru úr umferð með miða sem standa á lóðum við almannafæri, á götum og í almennum bifreiðastæðum. Ökutæki sem skráð er úr umferð með miða er eins ástatt og ökutæki sem er án skráningarkerkja.

**Gjald:** Gjald fyrir skráningu ökutækis úr umferð er 1.076 krónur og skal greiðast fyrirfram. **Ef skráningarkerki eru send til skoðunarstofu skal greiða gjaldið til skoðunarstofunnar.**

**Óheimilt að leggja inn eitt merki:** Ef ökutæki skal bera tvö skráningarkerki er óheimilt að leggja inn eitt skráningarkerki. Þanta verður nýtt merki og þegar það kemur úr framleiðslu er hægt að leggja inn bæði merkin. Ef merki eru af eldri gerð og ein plata hefur glatast verður að panta tvö merki af nýrri gerð fyrir innlögn.

**Merkjum fargað:** Geymsluaðili varðveitir merkin í **eitt ár**, en að þeim tíma liðnum er merkjunum fargað nema sérstaklega sé óskað eftir áframhaldandi geymslu.

**Diesel ökutæki með ökumæli:** Ef ökutæki er með **ökumæli** er nauðsynlegt að lesa af mæli við skráningu úr umferð og tilkynna álestur til RSK (sjá eyðublað Ríkisskattstjóra).

**Sendingarkostnaður:** Sendandi ber sjálfur kostnað af sendingu merkja til og frá geymslustað.

**Skrá mörg ökutæki úr umferð:** Ef ætlunin er að skrá mörg ökutæki úr umferð skal fylgja listi yfir þau ökutæki sem á að skrá úr umferð, þ.e. fastanúmer, skráningarnúmer og tegund.